



# Jöklarannsóknafélag Íslands

## Fréttabréf

Nr. 11

Nóvember 1985

### FÉLAGSFUNDUR

#### GUÐMUNDUR JÓNASSON OG JÖKLARANNSÓKNAFELAGIÐ

Félagsfundur tileinkaður Guðmundi Jónassyni verður haldinn að Hótel Hofi, Rauðarárstíg briðjudaginn 3. desember 1985, kl. 20:30.

#### Dagskrá:

1. Þórarinn Guðnason: Gamlar minningar.
2. Kaffidrykkja.
3. Árni Kjartansson og Pétur Þorleifsson sýna myndir úr ferðum með Guðmundi.

## AÐ AFLOKINNI ÁRSHÁTÍÐ

Árshátíðin var haldin fyrsta vetrardag, laugardaginn 26. október sl. Skemmtinefndin hin fámenna - þau Gylfi Gunnarsson og Rósa Ísdal sáu um allan undirbúning og nutu góðrar aðstoðar Ástvaldar Guðmundssonar. Á árshátíðinni voru á milli 50 og 60 manns. Veislustjóri var enginn annar en rafveitu- og hitaveitustjórinn á Grímsfjalli hann Jón Sveinsson. Hélt hann uppi miklum söng, léttum og ljúfum jöklamannablæ.

Í setningaraðu sinni sagði formaður félagsins m.a.: Vetrarstarfið er hafið. Það er nauðsynlegt að félagarnir, sem starfa saman, kynnist sem best. Þar liggur megin gildi árshátíðarinnar. Sumir eru fljótir að kynnast, aðrir seinteknir. Sumir pekkja raunar ekki sjálfa sig, en þeir eru að vísu gjarnan með lausa skrúfu. En pekkjum við félagið sjálft, sögu þess, viðbrögð og áætlanir? Vissulega er þar nokkur meinbugur á. Þar ber að forðast lausar skrúfur. Fyrsta gjörðabók félagsins sem nær yfir tímabil 1950 til 1961 er geymd hjá þjóðskjalaverði. Jón Eyþórsson fór með hana bangað 1962 til varðveislu. Með þessum orðum hóf Sigurjón á loft stóra bók innbundna og sagði "hér er komið ljósrit af gjörðabókinni". Hann afhenti síðan Stefáni Bjarnasyni hina nýju bók til varðveislu. Eins og allir vita er Stefán umsjónamaður eigna félagsins. Hinir eldri í féluginu munu að öllum líkendum hafa gaman af að glugga í þessa 100 blaðsíðna króniku og rifja upp liðin ár, hinir yngri geta krækt í nokkurn fróðleik.

Sigurður Steinþórsson prófessor hélt aðalræðu kvöldsins. Hann er öllum félögum að góðu kunnur. Áður fyrr hélt hann erindi um ísaldir. Nú sagði hann okkur sögur af eins

metra "eskimóastúlkunni", henni ólöfu Sölvadóttur (Crerar) frá Syðri-Löngumýri í Blöndudal. En ólöf fór til vesturheims. Þeir sem mættu ekki á árshátíðinni mega naga sig í handabókin, því þeir misstu auðvitað af erindinu og þar misstu þeir af miklu. Örlítið geta þeir bætt sér með því að glugga í bækur Vilhjálms Stefánssonar eða lesið þátt Sigurðar Nordal. En hin frábæra saga Ólafar litlu er gengin framhjá, því að félagini láðist að hafa tæki og taka innilegan sagnaflutning Sigurðar upp á band.

## JÖKLABREYTINGAR

Jöklar halda áfram að hopa. Frá 35 mælistöðvum eru komnar mæliniðurstöður fyrir mæliárið, haust 1984 til hausts 1985. Hopið er 18 m að meðaltaki. Á stöku stað hafa jöklar gengið fram, drýgstir eru Skeiðarárjökull, Mýrdalsjökull og Snæfellsjökull. Á svæðinu nálægt Gígjukvísl hefur Skeiðarárjökull gengið fram um 150 m. Um 3 km vestan við E-1 hefur jökultunga gengið fram (sunnan) jöklulsins og stíflað upp jaðarslónið austan undir, svo vatn tók að falla til Sæluhúskvíslar, en var það lítið, að það sé niður í sandinn og komst aldrei niður að vegi. Nú hefur vatnið náð fram rás undir jökultunguna til vesturs í Gígjukvísl og vatnsfyllan þá lækkað. Framskrið Skeiðarárjöklus og annarra jöklra á Öræfajökulssvæði er svörun frá köldu árunum eftir 1964, að því er best verður séð. Á næstu dögum koma fram niðurstöður frá nálægt 15 mælistöðum til viðbótar.

## GUÐMUNDUR JÓNASSON OG JÖKLARANNSÓKNAFÉLAGID

Guðmundur Jónasson fjallabílstjóri lést fyrr á þessu ári. Stjórn félagsins hefur ákveðið að tileinka Guðmundi haustfundinn 3.desember 1985. Þá mun Þórarinn Guðnason læknir flytja gamlar minningar og Árni Kjartansson og Pétur Þorleifsson sýna myndir. Meðal annars verða sýndar myndir frá fyrstu árum félagsins, þar á meðal kvíkmynd. Athugið að fundurinn er viku seinna en tilkynnt var í síðasta fréttabréfi.

## AF GRIMSFJALLI

Í fréttabréfi í ágúst var sagt frá því að endurbætur hafi verið gerðar á varmarafstöðinni á Grímsfjalli og að sett hafi verið upp hitaveita í skálanum. Rafstöðin og öll mælitæki hafa gengið mjög vel eftir endurbæturnar, en í ljós hefur komið að hitaveitan hefur stoppað í sumar og er ekki vitað um ástæðu.